

Tvær kenningar í *Stellurímum*

Guðrún Ingólfssdóttir ritar fróðlega grein í Vefni árið 2004 um kveðskap Sigurðar Péturssonar sýslumanns. Hún gerir þar meðal annars grein fyrir viðhorfi Sigurðar til skáldskaparins og áhrifavöldum hans í Skandinavíu. Guðrún telur Sigurð til bestu skálda átjándu aldar og harmar að skáldskapur hans hafi fallið í skuggann af leikritunum. Þetta er óhætt að taka undir.

Það sem mig langar að gera athugasemd við er umfjöllun Guðrúnar um skáldamálið í *Stellurímum* Sigurðar. Guðrún telur að þegar Sigurður orti hafi skáldamál rímnanna verið trénað og skort endurnýjun (2004:5). Að mati Guðrúnar réð Sigurður bót á þessu.

Hver svo sem tilgangur Sigurðar hefur verið er víst að með *Stellurímum* hleypti hann að mínum dómi nýju blóði í rímnahefðina, bæði hvað varðar efni og skáldamál. Með því að skopstæla skáldamálið, teygði hann á merkingarviði þess og bjó um leið til nýjar líkingar. Alsíða var t.d. að kenna skip við hesta, en ekki öfugt, þ.e.a.s. að gæða dauðan hlut lífi. Heiti voru og fyrst og fremst notuð um hesta, ekki kenningar. Í eftirfarandi vísu víxlar Sigurður hins vegar hlutverkum og kennir hest við skip: *Tagla skip = hestur*. Á þennan hátt rauf hann venjubundið samspil stofnorðsins í kenningunni og merkingarmiðsins:

Tagla skip réð taka svip
taums við festar leystar,
áfram fýkur, foldin rýkur,
flugu undan neistar. (2004:6)

Vísan sem Guðrún vitnar í er reglulega snotur og vel til fundið hjá Sigurði að kenna reiðskjótann við skip sem fýkur áfram. Það er hins vegar nokkuð mikið sagt að hér sé á ferðinni sérstaklega óvenjuleg kenning eða að það sé skopstæling á skáldamálinu að kenna hest við skip.

Laufás-Edda var helsta handbók rímnaskálda á sautjándu og átjándu öld. Hana samdi Magnús Ólafsson (u.þ.b. 1573 – 1636) og byggði einkum á Ormsbók Snorra-Eddu, í sumum tilfellum á blöðum sem síðar hafa glatast. Í Laufás-Eddu má finna kafla um hvernig kenna megi dýr.

Kiend eru yxn, dyr eda hestar, skipa heitum eda huala. Siguatur q(uad)

Brijnd uoru dór,
boga fylgde hór,
sparn rastar knór,
rädyris vór.

hier er hestur knór jardarinnar. (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:341)¹

Þarna er hestur kenndur við skip löngu fyrir tíð Sigurðar Péturssonar og beinlínis kennt að gera svo í þessari vinsælu og útbreiddu handbók. Ég hygg að þau skáld sem kenndu á þennan hátt hafi verið að nýta sér hefðbundið skáldamál en ekki skopstæla það. Yfirleitt hefur til dæmis Árni Böðvarsson (1713 - 1776), hinn mikli rímnajöfur átjándu aldarinnar, ekki verið vændur um að hæðast að skáldskaparhefðinni. Hann lét sér þó sæma að kenna á þennan hátt.

Sérhvör drengur so til gengur.
Sjá! burtstengur höfðu þeir.
Foldar rengur teygðu tengur,
tauma strengur reynist meir. (Árni Böðvarsson 1965:19)

Foldar rengur eru hestar. Röng er hluti á skipi en hér notað sem hluti fyrir heild (Björn K. Þórólfsson 1965:95). *Brávallarímur*, sem þessi vísa er úr, orti Árni um 1760. Það er um þrjátíu árum áður en Sigurður orti *Stellurímur*.

Guðrún tekur einnig aðra kenningu sem dæmi um nýjungar Sigurðar.

Sigurður fer einnig ótroðnar slóðir í kenningasmíðinni þegar hann líkir dauðum hlutum við lifandi dýr sem við fyrstu sýn virðast alls óskyld. Í vísunni hér á eftir kallar hann hús *glugga svín*, en vert er að geta þess að óþrifalegar vistarverur eru stundum kallaðar svínastíur. Glugga svínið opnar ginið þegar það fær högg á trýnið, rétt eins og dyr opnast þegar barið er á hurð:

Greiddi upp trýnið glugga svín
greitt að hnefa bragði;
sverðarunn tók sinn í munn
og saman aftur lagði. (2004:6)

¹ Laufás-Edda er til í tveimur megingerðum sem Anthony Faulkes kallaði X og Y. Hér er vitnað í Y-gerðina en X-gerðin hefur á þessum stað mjög svipaðan texta.

Þetta er listilega gerð vísa og skemmtilegt hvernig skáldið heldur í henni samfelldu myndmáli. Hins vegar verður ekki sagt að Sigurður fari ótroðnar slóðir þegar hann kennir hús við dýr. Grípum nú aftur niður í Laufás-Eddu.

Hús kallast og mä kienna dyrz heiti nockru, og kienna til mænerz, bustar,
glugga, eda annara nafna sem ä huse heita.

...

Leygz svelgur enn etur ei,
jngtanne lid manna,
ganga menn ur munne,
margreptum fletuarge. (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:357-8)²

Hér er húsið kennt við björn og sagt að hann svelgi lið manna, síðan verður húsið að úlfi og menn ganga úr munni hans. Líkindin við vísu Sigurðar eru augljós. Það var heldur ekki nýmæli að dýrið í húskenningu væri svín. Aftur má vitna í Árna Böðvarsson.

Þorsteinn gengur heldur hratt,
hann á gólfið flatur datt,
glugga hristist göltur þó,
Geitir karlinn að honum hló. (Árni Böðvarsson 1858:22)

Þarna kallar Árni húsið *glugga gölt* nokkrum áratugum áður en *glugga svín* Sigurðar sýslumanns leit dagsins ljós.

Þær tvær kenningar sem Guðrún tekur fyrir og hér hefur verið fjallað um eru í upptalningu Halldórs J. Jónssonar á kenningum sem hann telur til skopstælinga í *Stellurímum* (Halldór J. Jónsson 1947:108).³ En hvernig stendur á því að Halldór og Guðrún töldu þessar hefðbundnu kenningar til marks um nýjungar og skopstælingu? Mér kemur í hug að rómantískir fordómar í garð rímahefðarinnar séu enn svo sterkir meðal fólks sem fjallar um íslenskar bókmenntir að þegar það rekst á listilega ortar vísur í rímum hneigist það til að álykta að þar hljóti byltingarkenndar nýjungar að

² Aftur er vitnað í Y-gerð Laufás-Eddu. X-gerðin hefur svipaðan texta en skortir þessa vísu. Um myndmál af þessum toga sjá nánar Meissner 1921:66-7.

³ Hvorki Halldór né Guðrún tala um vetrarkenninguna *heimaskitumát bjarnar* sem finna má hjá Sigurði (1844-1846:58). Þetta hygg ég að sé nýstárlegri kenning en þær sem eru í lista Halldórs.

vera á ferð. En þegar málið er skoðað betur sést að rímnahefðin á átjándu öld var ekki trénaðri en svo að hinar snilldarlegu vísur Sigurðar rúmast fyllilega innan hennar.⁴

Hér er ekki meiningin að halda fram að Sigurður Pétursson hafi verið ófrumlegt skáld. Það rýrir ekki gildi vísanna hér að ofan hætishót að þær séu ortar í samræmi við Laufás-Eddu eða að fyrri skáld hafi ort með sams konar kenningum. Má í þessu samhengi rifja upp orð T.S. Eliots.

Við stöðrum full ánægju við það sem greinir skáldið frá fyrirrennrum þess, einkum þeim er fóru næstir á undan; við reynum að finna eitthvað sem unnt er að einangra til að njóta þess. Ef við nálgumst skáld án þessara fordóma kæmumst við oft að því að bestu og jafnvel frumlegustu þættirnir í verki þess geta verið þeir sem birta hvað skýrast ódauðleg áhrif hinna dauðu skálda, fyrirrennara þess. (Eliot 1991:45)

Heimildir

Árni Böðvarsson. 1858. *Rímur af Þorsteini Uxafæti. Orktar af Árna Böðvarssyni 1755*. Önnur útgáfa. Kaupmannahöfn.

Árni Böðvarsson. 1965. *Brávallarímur*. (Rit Rímnafélagsins VIII). Reykjavík.

Björn K. Þórólfsson. 1965. *Brávallarímur*. Inngangur og skýringar. Reykjavík.

Eliot, T. S. 1991. Hefðin og hæfileiki einstaklingsins. Matthías Viðar Sæmundsson þýddi. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Ritstj. Garðar Baldvinsson o.fl. Reykjavík.

Guðrún Ingólfssdóttir. 2004. „Brjálaður er hann annaðhvort, / eður hann gjörir bögu“. Um kveðskap Sigurðar Péturssonar sýslumanns. *Vefnir*. Sótt af <http://vefnir.bok.hi.is/2004/GI.PDF>

Halldór J. Jónsson. 1947. Stellurímur. *Skírnir*. Reykjavík:90-111.

⁴ Þar sem flestar þær rímur sem ortar voru á átjándu öld liggja enn óprentaðar í handritum og uppflettirit um skáldamál síðari tíma skortir er okkur þó erfitt um vik að sjá rímur Sigurðar í fyllilega réttu samhengi.

Meissner, Rudolf. 1921. *Die Kenningar der Skalden. Ein Beitrag zur Skaldischen Poetik*. Bonn og Leipzig.

Sigurður Pétursson. 1844-1846. *Ljóðmæli og leikrit*. Reykjavík.

Two versions of Snorra Edda from the 17th century. I *Edda Magnúsar Ólafssonar*. 1979. Útg. Faulkes, Anthony. Reykjavík